

## **Viðskiptaskilmálar Isavia**



## Viðskiptaskilmálar Isavia

---

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

15. nóvember 2024

---

Málsnúmer og útgáfunúmer:

2409036 04

---

© 2024 Isavia ohf.

[www.isavia.is](http://www.isavia.is) / [isavia@isavia.is](mailto:isavia@isavia.is)

## 1. Gildissvið

- 1.1. Viðskiptaskilmálar þessir gilda í viðskiptum milli Isavia ohf., kt. 550210-0370 (hér eftir „Isavia“) og dótturfélaga við viðskiptavin. Dótturfélög Isavia ohf. eru Isavia ANS ehf. kt. 591219-1460, Isavia Innanlandsflugvöllur ehf., kt. 591219-1380, Fríhöfnin ehf., kt. 611204-2130 og Tern Systems ehf., kt. 650997-2559 (hér eftir ásamt Isavia nefnd „félög innan samstæðunnar“).
- 1.2. Auk skilmála þessara gilda, eftir atvikum, ákvæði samninga um einstaka verk, vöru eða þjónustu milli viðskiptavinar og félaga innan samstæðunnar, reglur og gjaldskrár félaga innan samstæðunnar. Ganga slík ákvæði framur ákvæðum skilmála þessara ef misræmi er þar á milli.
- 1.3. Viðskiptavinur samkvæmt skilmálum þessum er aðili sem selur verk, vöru eða þjónustu til félaga innan samstæðunnar og/eða nýtir sér þjónustu félaga innan samstæðunnar. Viðskiptavinur telst hafa samþykkt gildandi viðskiptaskilmála Isavia með því að selja verk, vöru eða þjónustu til félaga innan samstæðunnar og/eða nýta sér þjónustu félaga innan samstæðunnar.
- 1.4. Viðskiptavinur sem selur verk, vöru eða þjónustu til félaga innan samstæðunnar er skylt að skrá upplýsingar um sig á birgjaskráningarform sem er aðgengilegt á vefsíðu Isavia, [www.isavia.is](http://www.isavia.is) og samþykkja þar meðal annars siðareglur birgja.

## 2. Greiðsluskilmálar reikninga sem viðskiptavinur sendir félögum innan samstæðunnar

- 2.1. Reikningur sem viðskiptavinur sendir félögum innan samstæðunnar skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - Sendur réttu félagi innan samstæðunnar.
  - Kennitala viðskiptavinar á reikningi skal vera sú sama og kemur fram í samningi eða í skilmálum um einstaka verk, vöru eða þjónustu við félag innan samstæðunnar.
  - Innlendir viðskiptavinur skal senda reikning með rafrænum hætti með skeytamiðlun og skal reikningur ekki samhliða sendur með pósti eða tölvupósti. Nánari upplýsingar um móttöku rafrænna reikninga má nálgast á vefsíðu Isavia, [www.isavia.is](http://www.isavia.is).
  - Erlendir viðskiptavinur skal senda reikning með rafrænum hætti með skeytamiðlun sé þess kostur en annars skal reikningur sendur með tölvupósti.
  - Reikningur skal innihalda þær upplýsingar sem gerðar eru kröfur um í samningi eða í skilmálum um einstaka verk, vöru eða þjónustu við félag innan samstæðunnar en að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:
    - Nafn innkaupaaðila / verkefnastjóra / tengiliðs félags innan samstæðunnar.
    - Númer kostnaðardeildar og greiningu.
    - Fjárfestingarnúmer, ef við á.
    - Samningsnúmer, beiðnanúmer, verknúmer, pöntunarnúmer eða annað tilvísunarnúmer.
    - Flutningsskilmála, ef við á.
    - Sundurliðun á verkum, vörum og þjónustu, magni, tímafjölda, einingum, einingarverðum, afsláttum og heildarverðum ásamt öðrum upplýsingum sem skulu koma fram á reikningi.
- 2.2. Viðskiptavini er óheimilt að senda félagi innan samstæðunnar reikning fyrir verk, vöru eða þjónustu hafi verkið, varan eða þjónustan ekki verið innt af hendi. Reikningur fyrir viðskipti hvers mánaðar skal berast í síðasta lagi 15. næsta mánaðar og eru greiðsluskilmálar reikninga í íslenskum krónum **30 dagar** og reikninga í öðrum gjaldmiðlum **45 dagar**. Hafi viðskiptavinur og félag innan samstæðunnar samið um annað fyrirkomulag eða lengri greiðslufrest skal það tilgreint á reikningi með vísan til viðeigandi samnings eða samkomulags.

- 2.3. Nánari leiðbeiningar um móttöku reikninga hjá félögum innan samstæðunnar má nálgast á vefsíðu Isavia, [www.isavia.is](http://www.isavia.is).
- 2.4. Félögum innan samstæðunnar er heimilt að gera ríkari kröfur til reikninga viðskiptavinar, til dæmis um að vörur, efni og þjónusta verði sundurliðuð undir sérstökum vörunúmerum með ákveðnum lýsingum til frekari aðgreiningar og sjálfvirkrar bóknar hjá félögum innan samstæðunnar. Á þetta einkum við vegna ríkra lagakrafna tengt sjálfbærni og upplýsingaskyldu, meðal annars samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum sem gilda um starfsemi Isavia.
- 2.5. Skorti nauðsynlegar upplýsingar á reikningi sem viðskiptavinur sendir félögum innan samstæðunnar getur það valdið töfum á greiðslum. Félög innan samstæðunnar geta hafnað reikningum sem ekki uppfylla skilyrði sem fram koma í skilmálum þessum, leiðbeiningum um móttöku reikninga, samningum eða skilmálum um einstaka verk, vöru eða þjónustu. Félög innan samstæðunnar skulu ekki bera aukinn kostnað vegna tafa á greiðslum eða höfnunar á reikningum sökum skorts á nauðsynlegum upplýsingum á reikningi sem viðskiptavinur sendir.
- 2.6. Viðskiptavinur getur haft samband við reikningshald Isavia með tölvupósti á netfangið: [bokhald@isavia.is](mailto:bokhald@isavia.is) ef spurningar vakna vegna reikninga sem viðskiptavinur sendir félögum innan samstæðunnar.

### 3. Greiðsluskilmálar reikninga sem félög innan samstæðunnar sendir viðskiptavinum

- 3.1. Viðskiptavinum ber að greiða félögum innan samstæðunnar fyrir vörur og þjónustu samkvæmt samningi eða gildandi gjaldskrá hverju sinni.
- 3.2. Greiðsluskilmálar reikninga sem félög innan samstæðunnar senda viðskiptavinum eru **30 dagar** frá dagsetningu reiknings nema samið hafi verið sérstaklega um annað.
- 3.3. Félög innan samstæðunnar senda reikninga til innlendra viðskiptavina með rafrænum hætti með skemtamiðlun og til erlendra viðskiptavina með rafrænum hætti með tölvupósti.
- 3.4. Viðskiptavinur hefur 14 daga frá dagsetningu reiknings til að gera athugasemdir við reikninga sem félög innan samstæðunnar senda viðskiptavinum. Athugasemdir skulu sendar á innheimtu Isavia með tölvupósti á netfangið: [innheimta@isavia.is](mailto:innheimta@isavia.is).
- 3.5. Ef viðskiptavinur greiðir ekki reikning í íslenskum krónum á eindaga leggjast við ógreiddar fjárhæðir dráttarvextir samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá gjalddaga kröfunnar, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum.
- 3.6. Ef viðskiptavinur greiðir ekki reikning í evrum á eindaga leggjast við ógreiddar fjárhæðir dráttarvextir sem samsvara 1. mánaða EURIBOR vöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma að viðbættu 7,5% álagi. Miðað er við 1. mánaða EURIBOR vexti eins og þeir eru auglýstir hjá [www.euribor-rates.eu](http://www.euribor-rates.eu) eða öðrum birtingaraðila EURIBOR vaxta sem félög innan samstæðunnar ákveða annars að styðjast við.
- 3.7. Félögum innan samstæðunnar er heimilt að umbreyta ógreiddum fjárhæðum í erlendum myntum í íslenskar krónur hvenær sem er frá og með eindaga reikninga og skal miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands á þeim degi sem kröfum er umbreytt.
- 3.8. Sé kveðið á um annað greiðslufyrirkomulag vegna reikninga sem félög innan samstæðunnar senda viðskiptavinum í samningnum, öðrum skilmálum eða gjaldskrár félaga innan samstæðunnar þá ganga slík ákvæði fram á ákvæðum 3. gr. skilmála þessara.

## 4. Uppsögn, vanefndir og riftun

- 4.1. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi milli félags innan samstæðunnar og viðskiptavinar skal aðilum heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara og skal uppsögn miðast við næstu mánaðarmót eftir að tilkynning berst með sannarlegum hætti.
- 4.2. Félögum innan samstæðunnar er heimilt að segja upp öllum viðskiptum við viðskiptavin komi upp veruleg vanefnd af hálfu viðskiptavinar gagnvart einhverju félagi innan samstæðunnar.
- 4.3. Vanefnd viðskiptavinar kann að leiða til riftunar samninga og/eða lokunar á viðskiptareikningi. Sé ekki bætt úr greiðslufalli telst það alltaf veruleg vanefnd.
- 4.4. Félögum innan samstæðunnar er heimilt að rifta samningum ef viðskiptavinur:
  - Greiðir ekki reikninga innan 14 daga frá eindaga.
  - Uppfyllir ekki samningsbundnar skyldur sínar við félög innan samstæðunnar innan 14 daga frá dagsetningu skriflegrar tilkynningar þess efnis en skilyrði um skriflega tilkynningu á ekki við ef ljóst þykir að viðskiptavinur bætir ekki úr ágöllum.
  - Fær heimild til greiðslustöðvunar, að leita nauðsamninga eða verður gjaldþrota.

## 5. Skuldajöfnun

- 5.1. Viðskiptavini er óheimilt að halda eftir eða skuldajafna greiðslum til félaga innan samstæðunnar án skriflegs samþykkis þeirra.

## 6. Framsal

- 6.1. Viðskiptavini er óheimilt að framselja, að hluta eða öllu leyti, réttindi og skyldur samkvæmt skilmálum þessum án samþykkis félaga innan samstæðunnar.
- 6.2. Félögum innan samstæðunnar er heimilt að framselja að hluta eða öllu leyti, réttindi sín og skyldur samkvæmt skilmálum þessum með tilkynningu til viðskiptavinar.

## 7. Hugverka- og eignaréttur

- 7.1. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi milli félags innan samstæðunnar og viðskiptavinar skal hugverka- og höfundaréttur að afurðum aðkeyptrar þjónustu, hvort sem hún er veitt munnlega eða í efnislegu formi, svo og eignaréttur að vinnuskjöllum og gögnum teljast eign félaga innan samstæðunnar.

## 8. Takmörkun ábyrgðar

- 8.1. Bótaskylda félaga innan samstæðunnar takmarkast við beint tjón sem viðskiptavinur kann að verða fyrir í tengslum við samning við viðskiptavin. Bótaábyrgð félaga innan samstæðunnar nær þannig ekki til óbeins eða afleidds tjóns viðskiptavinar eða þriðja aðila, þ.m.t. rekstrartaps.
- 8.2. Rifti félag innan samstæðunnar samningi við viðskiptavin vegna verulegra vanefnda skulu félög innan samstæðunnar ekki vera bótaskyld vegna tjóns viðskiptavinar er tengist slíkri riftun.

- 8.3. Að öðru leyti fer um bótaábyrgð félaga innan samstæðunnar samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.
- 8.4. Félög innan samstæðunnar bera ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og tengist skilmálum þessum eða viðskiptum, ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af lagaboði, aðgerðum stjórnvalda eða óviðráðanlegum aðstæðum (force majeure), s.s. náttúruhamförum, styrjöldum, hryðjuverkum, farsóttum, verkföllum, lokun landamæra, rafmagnstruflunum eða rafmagnsleysi, truflunum í tölvukerfi, eða öðrum sambærilegum atvikum. Félög innan samstæðunnar bera jafnframt ekki ábyrgð á óþægindum, kostnaði eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi félaga innan samstæðunnar.

## 9. Persónuvernd

- 9.1. Vinnsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd nr. 90/2018 og aðrar reglur sem settar hafa verið á grundvelli persónuverndarlaga. Gerist þess þörf á samningstíma skulu aðilar gera með sér samning um vinnslu persónuupplýsinga.

## 10. Trúnaður

- 10.1. Viðskiptavinur er bundinn trúnaði um málefni félaga innan samstæðunnar sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum félaga innan samstæðunnar eða eðli máls. Trúnaðarskylda helst eftir að samningssambandi lýkur.

## 11. Skattar

- 11.1. Félög innan samstæðunnar innheimta virðisaukaskatt þar sem við á í samræmi við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.
- 11.2. Félög innan samstæðunnar er heimilt samkvæmt skilmálum þessum að óska eftir upplýsingum frá viðskiptavini um skattalega heimilisfesti þeirra og aðrar upplýsingar sem þau telja mikilvæg vegna viðskiptasambands aðila. Félögum innan samstæðunnar kann að vera skylt samkvæmt lögum um tekjuskatt og tilmælum íslenskra skattfyrivalda að halda eftir staðgreiðslu vegna greiðslna til aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi sem ekki hafa sinnt skráningarskyldu eða fengið staðfesta undanþágu hjá íslenskum skattfyrirvöldum vegna greiðslna frá félögum innan samstæðunnar.

## 12. Samningslok

- 12.1. Við samningslok falla öll réttindi sem félög innan samstæðunnar og viðskiptavini hefur verið veitt niður. Við samningslok af hvaða ástæðu sem er skal skila gagnaðila innan 30 daga hvers konar eignum, efni, gögnum, trúnaðarupplýsingum og öðru tengt samningum sem hefur verið látið í té og sannanlega er í eigu gagnaðila, nema lög kveði á um annað.
- 12.2. Við samningslok, svo sem þegar gildistími samnings rennur út, samningi er sagt upp eða honum rift, ber viðskiptavini að fjarlægja eigin búnað og eignir sem staðsettar eru í húsnæði félaga innan samstæðunnar. Hafi slíkur búnaður eða eignir ekki verið fjarlægðar innan 30 daga frá samninglokum hafa félög innan samstæðunnar heimild til að fjarlægja, flytja á annan stað eða geyma á annan hátt slíkan búnað eða eignir á kostnað viðskiptavinar.

### 13. Lög og lögsaga

- 13.1. Um skilmála þessa gilda íslensk lög.
- 13.2. Rísi mál út af skilmálum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 14. Skilmálabreytingar

- 14.1. Isavia er heimilt hvenær sem er að breyta skilmálum þessum einhliða og án fyrirvara. Breytingar á skilmálunum eru tilkynntar með almennri tilkynningu á vefsvæði Isavia.
- 14.2. Skilmálar þessir eru gefnir út á íslensku og er íslensk útgáfa skilmálanna eina gilda útgáfa þeirra óháð því hvort Isavia birti þýðingu á skilmálunum á öðrum tungumálum en íslensku.
- 14.3. Skilmálar þessir eru birtir á vefsíðu Isavia, [www.isavia.is](http://www.isavia.is) og gilda frá og með 16. desember 2024.

The image features a smooth gradient background. The top half is a deep, vibrant blue, which transitions into a lighter, pale blue and then into a soft, off-white or light beige at the bottom. A prominent, curved white shape, resembling a horizon or a large, soft-edged object, curves across the middle of the frame. The word "KEF" is centered in the middle of the image, rendered in a clean, white, sans-serif font.

KEF